

9. gr.

Gjöld samkvæmt 3. gr. breytast samkvæmt vísitölu byggingarkostnaðar. Hreppsnefnd er heimilt að hækka og lækka gjaldstuðla í 3. gr. hvern um sig eða alla í einu um allt að 50% án frekari staðfestingar ráðuneytis.

10. gr.

Gatnagerðargjaldi fylgir lögveð í fasteign þeirri, sem það er lagt á, og gengur það ásamt vöxtum og kostnaði fyrir öllum veðkröfum sem á eigninni hvíla og tekur einnig til váttryggingarfjár hennar.

Reglugerð þessi sem samin er og samþykkt af hreppsnefnd Grýtubakkahrepps í Suður-Þingeyjarsýslu, staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 51 16. maí 1974 um gatnagerðargjöld til að öðlast gildi þegar í stað.

Jafnframt er úr gildi felld reglugerð nr. 126 15. febrúar 1984 um B-gatnagerðargjöld á Grenivík, Grýtubakkahreppi, Suður-Þingeyjarsýslu.

Félagsmálaráðuneytið, 29. maí 1986.

F. h. r.

Hallgrímur Dalberg.

Pórhildur Líndal.

REGLUGERÐ

um bann við togveiðum við Hrollaugseyjar.

1. gr.

Á tímabilinu frá og með 1. júlí 1986 til 1. september 1986 eru allar togveiðar bannaðar á svæði milli lína, sem dregnar eru réttvísandi 150° frá eftirgreindum punktum:

- | | | |
|----|-----------|-----------|
| a) | 64°10'8 N | 15°42'6 V |
| b) | 64°06'0 N | 16°05'0 V |

Að utan markast svæðið af línu sem dregin er 9 sjómíllur frá grunnlínu sbr. reglugerð nr. 299/1975. (Lína dregin milli Stokksness, Hrollaugseyja, Tvískerja og Ingólfshöfða).

2. gr.

Brot á reglugerð þessari varðar viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Mál út af brotum skal farið með að hætti opinberra mála.

Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 81 31. maí 1976, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytið, 9. júní 1986.

F. h. r.

Jón B. Jónasson.

Pórður Eypórsson.